

Úttekt á aðgengi í ráðhúsi Reykjavíkurborgar

Tilvísun: 3.210.235

Tilvísun verkkaupa: 178897

11.10.2019

Til: Aðgengis- og samráðsnefnd
Ágúst Már Gröndal

Efni: **Ráðhús - Úttekt á aðgengi**

Beiðni berst undirrituðum í gegnum verkefnisstjóra ferlimála hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, Ágúst Már Gröndal. Beiðni er um úttekt á aðgengi í og við ráðhús Reykjavíkur, Við skoðun er lagt áherslur á aðgengi fyrir fólk með sérþarfir í umgengni sem og almenn öryggismál sem varða alla notendur. Úttekt er framkvæmd af undirrituðum og Ágúst Már Gröndal

Skoðun er tvískipt annarsvegar er úttekt framkvæmd þann 7.10.2019 og önnur úttekt með hagsmunasamtökum fatlaðra á n.k. dögum.

Úttekt á aðgengi

Athugasemdir verða sundurliðaðar hér að neðan. en almennt er aðgengi við byggingu ágætt, bílastæði eru til staðar en betur má fara í þeim málum, gönguleiðir eru þreplausar og inngangar rafstýrðir á skynjurum. Lýsing við innganga mætti bæta. Hæðarmismunur er lítill innan mannvirkis og engir þröskuldar á gönguleiðum. Fatlaðarklósett fyrir almenning er takmarkað við einungis eitt klósett, það er klósett er einungis með minniháttar athugasemdum. Fyrir starfsmenn er einungis fatlaðarklósett á þriðju hæð en aðgengilegt með lyftu. Lyfta fer á milli allra hæða. Merkingum er ábótavant þá bæði merkingar á athafnarsvæðum, tröppum, vegvísingum sem og merkingar í lyftu og á glerjum.

Verkþáttum er skipt í tvennt. Annarsvegar eru það verkþættir sem snúa að algildri hönnun í mannvirkjum og hins vegar eru það verkþættir sem snúa að almennu öryggi í gönguleiðum/flóttaleiðum.

Verkþættir til úrbóta á aðgengi allra

Bílastæði í og við byggingu: Að sögn aðila í byggingu er einungis tvo bílastæði fatlaðra í kjallaranum. Merkingum á bílastæði fatlaðra er ábótavant.

Aðrar athugasemdir sem varða bílastæði:

- Greiða þarf fyrir afnot af bílastæði, einnig starfsmenn í hjólastólum.
- Lyfta læsist klukkan 18:00 en bílastæða hús er opið lengur. Vegna þessa hefur fólk lent í sjálfheldu því það kemst ekki í ökutækið sitt



Merkingar og lýsing við innganga: Á skoðunardegi voru öll ljós slökkt og aðkoman að byggingu dimm. Þegar skoðað er lýsingu er hún að mestu á gangstíg og upp í lofti. Lýsing í gangstétt lýsir upp í andlit sjónskertra og getur skert sjón þeirra enn frekar.

Almennt eru aðvörunar merkingum á glerjum við innganga ábótavant.

Merkingar og vegvísar innan við innganga eru ekki til staðar eða uppfylla ekki kröfur.



Salerni fatlaðra: Einungis er eitt salerni fyrir viðskiptavinum með sérþarfir. Það salerni er ágætlega hannað og uppsett. Inn í rýmið vantar einungis spegil í 90 cm hæð en skoða má rafstýringar í aðgengi.

Merkingar inn á klósettið eru litlar sem engar og gæti reynst sjónskertum erfitt að finna aðganginn að salerninu. Tvennskonar merkingar vantar á klósettið. Merkja þarf frammi á gangi hvar salernið er að finna og merkinginn á hurðina sjálfa. Í dag fellur merkinginn vel í umhverfið og hurðinn sker sig illa úr veggnum.



Allar merkingar skulu vera a.m.k. A5 blað (15x21sm)

Lyfta niður í sal: Í lyftu sem gengur niður í gryfju þar sem ýmiskonar atburðir eiga sér stað fyrir samfélagið vantar allar merkingar um hvar lyftu er að finna. Útgangur úr lyftu er einnig mjög þröngur og nýtist því t.d. ekki öllum tegundum af hjólastólum. Ásamt því að lyftan sjálf er lítil.

Eins segir í byggingareglugerð:


„Þegar lyftudyr opnast skal það gefið kynna með hljóði. Hljóðið getur verið hljóðmerki eða töluð skilaboð. Staðsetning lyftu á hæð skal tilgreind með hljóð- og ljósmerki, bæði í lyftu og framan við lyftu.“

Slíkan búnað vantar í allar lyftur í mannvirkinu.



Stigar víðsvegar um mannvirkið: Hvergi eru stigar afmarkaðir sem fallhætta með sýnileikalit. Þrep og umhverfi þrepa eru með sömu áferð og lit. Skv. reglugerð þarf að afmarka fallhættuna með 4cm sýnileikarauf fremst á tábrepunum. Einnig er kveðið um takkaflísar eða flísar með aðra áferð a.m.k. fyrir framan efsta þrep til að vara sjónskerta við mishæðinni.

Einnig eru handrið einungis öðru megin er ávallt er mælt með að handrið séu beggja vegna.



Varúðarmerkingar á glerjum: Merkingar á glerum innan byggingar er verulega ábótavant. Einungis er einn lítill punktur á gleri sem er staðsettur lágt á gleri.

Skv. reglugerð er kveðið um tvo vel sýnilega punkta í hæð sitjandi og standandi þ.e.a.s. 0,9m hæð og 1,4-1,6m hæð.



Verkþættir sem snúa að almennu öryggi

Aðskotahlutir í flóttaleiðum: Gæta þarf þess að innréttingar og skrautmunir séu ekki settir í flóttaleiðir. Í flóttaleiðum eiga sjónskerti að geta haldið í handrið og leitt það niður stigana. Í stiga upp að borgarstjóráfundarherbergi er búið að staðsetja stóra plöntu í flóttaleið og fyrir handrið sem leiður sjónskerta út í flóttaleið.

Einnig var að finna dæmi um stóla fyrir flóttaleiðum.



Merkingar á flóttaleiðum: Þegar komið er á græna flóttaleiðarganginn er merkingum ábótavant. Hvergi eru hæðir merktar á flóttaleiðum og yfirlitsmynd af byggingunni með rýmingaráætlun er hvergi sjáanlegt.

Mælt er með því að fá yfirferð frá sérfræðing í merkingum innan byggingar og greina rýmingaráætlun. Gott væri að halda æfingu með starfsmönnum í kjölfarið.



Tröpputrylla hjólastóla: Í bruna lokast fyrir lyfturnar og getur reynst erfitt að koma fólki í hjólastólum út. Því er þörf á hjólastólatryllu í flóttaleiðum. Innleiðing á slíkum búnaði gæti verið kynntur starfsfólki í ofangreindri brunaæfingu.

Virðingarfyllt, Arnar Már Ágústsson

Byggingafræðingur og Húsasmíðameistari

Afrit: Ágúst Már Gröndal

